



4.–7. MAÍ 2021

# BARNAMENNINGAR- HÁTÍÐ Í GARÐABÆ



Dagana 4.–7. maí fer fram Barnamenningarhátíð í Garðabæ. Börn í grunnskólum Garðabæjar skapa, dansa og uppgötva í dagskrá sem fer fram í Hönnunarsafni Íslands, Bókasafni Garðabæjar og á yfirbyggðum torgum Garðatorgs. Sýningarnar *Hverafuglar á bjargi* á Garðatorgi og *Kílómeter upp í himininn* á Bókasafni Garðabæjar eru einnig liður í Barnamenningarhátíð í Garðabæ.

## HVERAFUGLAR Á BJARGI



### GARÐATORGI 1

Rúmlega 600 nemendur í 5.–7. bekkjum allra grunnskóla Garðabæjar heimsóttu Hönnunarsafn Íslands frá febrúar til apríl og fræddust um leirlist á Íslandi á sýningunni Deiglumór. Í kjölfarið unnu nemendur með leir út frá upplifun sinni á sýningunni og frásögn safnkennara af hverafuglum í þjóðsögum en leirinn sem notaður var í íslenskt keramik á árunum 1930–1970 var einmitt fenginn úr hverum á Íslandi.

Sýningin *Hverafuglar á bjargi* er sköpunarverk nemenda Alþjóðaskólans, Álfanesskóla, Barnaskóla Hjallastefnunnar, Flataskóla, Hofstaðaskóla, Sjólandsskóla og Urriðaholtsskóla.

Umsjón með safnfræðslu hafði Þóra Sigurbjörnsdóttir safnafræðingur á Hönnunarsafni Íslands en listakonurnar Ásgerður Heimisdóttir, Rakei Andrésdóttir og Örk Guðmundsdóttir leiðbeindu í leirsmíðjum.

